

41

13. marz

AUGLÝSING

um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fara fram sunnudaginn 29. júní 1952.

Framboðum til forsetakjörs skal skilað í hendur dómsmálaráðuneytinu ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælanda og vottorðum yfirkjörstjórna um að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna og mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr **Sunnlendingafjórðungi** (V.-Skaftafellssýslu—Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 920 meðmælendur, en mest 1835.

Úr **Vestfirðingafjórðungi** (Mýrasýslu—Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 180 meðmælendur, en mest 365.

Úr **Norðlendingafjórðungi** (V.-Húnavatnssýslu—S.-Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 280 meðmælendur, en mest 560.

Úr **Austfirðingafjórðungi** (N.-Þingeyjarsýslu—Austur-Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 120 meðmælendur, en mest 240.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36 12. febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Forsætisráðuneytið, 21. marz 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Birgir Thorlacius.

42

28. marz

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings við Vestur-Þýzkaland.

Hinn 11. janúar 1952 fóru fram í Bonn bráðabirgðaundirskriftir undir bókun nr. 2 varðandi samning frá 8. desember 1950, um vöruskipti milli Íslands og Vestur-Þýzkalands, sbr. Stj.tíð. 1951, A., nr. 90. Bókunin var endanlega undirrituð í Bonn hinn 6. marz 1952, og fylgir íslensk þýðing á henni auglýsingu þessari, sbr. fskj. I, og enn fremur íslensk þýðing á bréfum, er skipzt var á um leið og undirskriftir undir bókunina fóru fram, sbr. fskj. II—V.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, hinn 28. marz 1952.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.